

Samstæða




Efnisyfirlit

Lykilstærðir.....	3
Helstu upplýsingar, framsetning stjórnenda á rekstri Landsvirkjunar.....	4
Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra.....	5
Rekstrarreikningur	7
Yfirlit um heildarafkomu	8
Efnahagsreikningur	9
Eiginfjáryfirlit.....	10
Sjóðstreymisyfirlit	11
Skýringar.....	12




Lykilstærðir


Rekstrartekjur




Hagnaður fyrir óinnleysta fjármagnsliði



Handbært fé frá rekstri



Nettó skuldir



Helstu upplýsingar

Framsetning stjórnenda á rekstri Landsvirkjunar

Fjárhæðir í þúsundum USD

	2021	2020	2019	2018	2017
	1.1.-31.3.	1.1.-31.3.	1.1.-31.3.	1.1.-31.3.	1.1.-31.3.
Rekstur					
Rekstrartekjur	135.826	124.886	131.388	142.810	119.465
Innleystar áhættuvarnir	(5.118)	1.276	1.769	(1.648)	(653)
Rekstrartekjur samtals	130.708	126.162	133.157	141.162	118.812
Rekstrar- og viðhaldskostnaður	(32.882)	(32.111)	(30.706)	(35.893)	(30.544)
Rekstrarhagnaður án afskrifta (EBITDA) ..	97.826	94.051	102.451	105.269	88.268
Afskriftir og virðisrýrnun	(34.128)	(31.955)	(33.696)	(30.623)	(29.180)
Rekstrarhagnaður (EBIT)	63.698	62.096	68.755	74.646	59.088
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	(13.558)	(16.114)	(18.292)	(18.720)	(15.307)
Hagnaður fyrir óinnleysta fjármagnsliði ...	50.140	45.982	50.463	55.926	43.781
Óinnleystir fjármagnsliðir:					
Gangvirðisbreytingar innbyggðra afleiða	3.124	(23.792)	6.842	(39.556)	42.555
Gangvirðisbreytingar annarra afleiða	(12.087)	5.902	(5.002)	16.879	(8.110)
Óinnleystur gjaldeyrismunur	5.224	19.916	9.366	(18.856)	(3.568)
	(3.739)	2.026	11.206	(41.533)	30.877
Hagnaður fyrir tekjuskatt	46.401	48.008	61.669	14.393	74.658
Tekjuskattur	(15.448)	(14.940)	(20.508)	(5.328)	(25.277)
Hagnaður tímabilsins	30.953	33.068	41.161	9.065	49.381
Efnahagur					
Eignir samtals	4.409.554	4.341.997	4.440.665	4.712.186	4.472.638
Eigið fé samtals	2.260.227	2.260.836	2.200.167	2.072.166	2.017.992
Skuldir samtals	2.149.327	2.081.161	2.240.498	2.640.020	2.454.646
Nettó skuldir *	1.608.064	1.637.277	1.801.882	2.038.072	1.965.833
Sjóðstreymi					
Veltufé frá rekstri (FFO)	83.964	80.473	85.668	85.030	70.900
Handbært fé frá rekstri	85.443	75.412	83.989	81.142	66.285
Fjárfestingar	(25.385)	(19.272)	(17.832)	(42.582)	(67.732)
Fjármögnun	(552)	(66.471)	(54.022)	160.679	95.757
Lausafé					
Handbært fé	151.801	96.792	126.435	327.844	241.417
Óádremin lán	160.000	180.000	347.903	388.866	472.184
Lausafé alls	311.801	276.792	474.338	716.710	713.601
Kennitölur					
Arðsemi eiginfjár **	3,4%	4,9%	7,4%	3,4%	5,9%
Eiginfjárhlutfall	51,3%	52,1%	49,5%	44,0%	45,1%
Vaxtaþekja (EBITDA/ nettó vaxtagjöld) **	5,93x	5,58x	4,75x	5,55x	5,26x
Veltufé frá rekstri / nettó skuldir **	16,8%	18,8%	17,6%	14,6%	12,2%
Veltufé frá rekstri / vaxtagjöld **	4,79x	4,45x	3,76x	4,36x	3,89x
Nettó skuldir / EBITDA **	4,87x	4,42x	4,66x	5,62x	6,39x
Lánshæfiseinkunn án ríkisábyrgðar í lok mars					
Standard & Poor's	BBB	BBB	BBB	BBB	BBB
Moody's	Baa1	Baa1	Baa2	Baa2	Baa3

* Nettó skuldir eru vaxtaberandi skuldir að fráregnu handbæru fé

** Kennitölur miðast við síðustu 12 mánuði

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Tilgangur Landsvirkjunar er að stunda starfsemi á orkusviði ásamt annarri viðskipta- og fjármálastarfsemi samkvæmt ákvörðun stjórnar hverju sinni. Árshlutareikningur fyrirtækisins fyrir tímabilið 1. janúar til 31. mars 2021 er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal IAS 34 um árshlutareikninga og viðbótarkröfur í lögum um ársreikninga og hefur að geyma samandreginn samstæðuárshlutareikning fyrirtækisins sem tekur, auk móðurfélagsins til fjögurra dótturfélaga, Landsnets hf., Orkufjarskipta hf., Icelandic Power Insurance Ltd. og Landsvirkjunar Power ehf. Árshlutareikningur þessi hefur ekki verið endurskoðaður eða kannaður af endurskoðendum fyrirtækisins.

Samkvæmt rekstrarreikningi nam hagnaður af rekstri samstæðunnar á tímabilinu janúar til mars 2021 31,0 milljónum USD, en hagnaður samstæðunnar á sama tímabili árið 2020 var 33,1 milljón USD. Breytingin á milli tímabila nemur 2,1 milljón USD. Gangvirðisbreytingar afleiðusamninga voru neikvæðar um 9,0 milljónir USD á tímabilinu janúar til mars 2021 en voru neikvæðar um 17,9 USD milljónir á sama tímabili árið áður og gjaldeyrismunur var jákvæður um 5,2 milljónir USD á tímabilinu en jákvæður um 19,3 milljónir USD á sama tímabili árið áður. Tekjur samstæðunnar námu 130,7 milljónum USD á tímabilinu en voru 126,2 milljónir USD á sama tímabili árið áður. Handbært fé frá rekstri var 85,4 milljónir USD á tímabilinu en var 75,4 milljónir USD á sama tímabili árið áður. Í lok mars 2021 nam handbært fé samstæðunnar samtals 151,8 milljónum USD og óádremin lán 160,0 milljónum USD eða alls 311,8 milljónir USD. Eigið fé samstæðunnar í lok mars var 2.260,2 milljónir USD samkvæmt efnahagsreikningi en 2.235,1 milljón USD í árslok 2020. Á aðalfundi 15. apríl sl. var samþykkt að eigendum fyrirtækisins yrði greiddur arður að fjárhæð 50,0 milljónir USD.

Áhrif COVID-19 faraldursins á rekstur og stöðu Landsvirkjunar

COVID-19 faraldurinn hafði ekki jafn neikvæð áhrif á rekstur Landsvirkjunar á ársfjórðungnum og árið 2020. Fyrirtækið hélt áfram þátttöku sinni í verkefnum sem kynnt voru vorið 2020 og tengdust viðspyrnu í atvinnu- og efnahagsmálum vegna faraldursins, en ráðist var í ýmis verkefni tengd nýframkvæmdum, endurbótum og viðhaldi á orkuvinnslusvæðum. Einnig var blásið til rannsóknar- og þróunarverkefna á Suðurlandi, Vestfjörðum og Norðurlandi, í samstarfi við hagaðila í nærsamfélaginu og verkefnum flýtt á sviði stafrænnar þróunar.

Yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og forstjóra er árshlutareikningur samstæðunnar í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34, eins og hann hefur verið staðfestur af Evrópusambandinu og viðbótarkröfur í lögum um ársreikninga. Samkvæmt bestu vitneskju er það álit okkar að árshlutareikningurinn gefi glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu samstæðunnar 31. mars 2021, rekstrarafkomu og breytingu á handbæru fé á tímabilinu janúar til mars 2021.

Jafnframt er það álit stjórnar og forstjóra að árshlutareikningurinn og skýrsla stjórnar fyrir tímabilið janúar til mars 2021 gefi glöggt yfirlit um árangur af rekstri samstæðunnar, stöðu hennar og þróun og lýsi helstu áhættuþáttum sem samstæðan býr við.

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra, frh.:

Stjórn og forstjóri hafa í dag farið yfir samstæðuárshlutareikning fyrirtækisins fyrir tímabilið 1. janúar til 31. mars 2021 og staðfesta hann með undirritun sinni.

Reykjavík, 18. maí 2021.

Í stjórn félagsins:

Jónas Þór Guðmundsson

Álfheiður Ingadóttir

Guðfinna Jóhanna Guðmundsdóttir

Gunnar Tryggvason

Jón Björn Hákonarson

Forstjóri:

Hörður Arnarson

Rekstrarreikningur

	Skýr.	2021 1.1.-31.3.	2020 1.1.-31.3.
Rekstrartekjur			
Raforkusala	6	110.378	102.040
Innleystar áhættuvarnir	(5.118)	1.276
Flutningstekjur	6	21.301	19.951
Aðrar tekjur		4.147	2.895
		<u>130.708</u>	<u>126.162</u>
Rekstrargjöld			
Orkuvinnsla		36.915	35.287
Flutningskerfi		14.971	16.374
Almennar rannsóknir		3.963	2.037
Annar rekstrarkostnaður		11.161	10.368
		<u>67.010</u>	<u>64.066</u>
Rekstrarhagnaður		<u>63.698</u>	<u>62.096</u>
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtatekjur		150	763
Vaxtagjöld	(13.648)	(16.291)
Gjaldeyrismunur		5.164	19.327
Gangvirðisbreytingar innbyggðra afleiða		3.124	(23.792)
Gangvirðisbreytingar annarra afleiðusamninga	(12.087)	5.902
	7	<u>(17.297)</u>	<u>(14.091)</u>
Áhrif hlutdeildarféлага		0	3
Hagnaður fyrir tekjuskatt		46.401	48.008
Tekjuskattur	(15.448)	(14.940)
Hagnaður tímabilsins		<u>30.953</u>	<u>33.068</u>
Skipting hagnaðar			
Eigendur móðurfélags		27.720	29.315
Minnihluti í dótturfélögum		3.233	3.753
		<u>30.953</u>	<u>33.068</u>

Skýringar nr. 1 til 12 eru óaðskiljanlegur hluti þessa árshlutareiknings.

Yfirlit um heildarafkomu

	2021	2020
	1.1.-31.3.	1.1.-31.3.
Hagnaður tímabilsins	30.953	33.068
Liðir færðir beint á eigið fé sem munu ekki vera færðir síðar í rekstrarreikning:		
Lífeyrisskuldbinding að frádregnum tekjuskatti, breyting	(652)	(326)
Niðurrifsskuldbinding að frádregnum tekjuskatti, breyting	(366)	(1.555)
Liðir færðir beint á eigið fé sem gætu verið færðir síðar í rekstrarreikning:		
Þýðingarmunur vegna dóttur- og hlutdeildarféлага	19	(2.406)
Rekstrarliðir færðir á eigið fé samtals	(999)	(4.287)
Heildarhagnaður tímabilsins	<u>29.954</u>	<u>28.781</u>
Skipting heildarhagnaðar		
Eigendur móðurfélags	26.686	25.900
Minnihluti í dótturfélögum	3.268	2.881
	<u>29.954</u>	<u>28.781</u>

Skýringar nr. 1 til 12 eru óaðskiljanlegur hluti þessa árshlutareiknings.

Efnahagsreikningur

Eignir	Skýr.	31.3.2021	31.12.2020
Fastafjármunir			
Rekstrarfjármunir		3.830.595	3.855.644
Rekstrarfjármunir í byggingu		130.084	121.374
Undirbúningskostnaður		135.630	136.412
Aðrar óefnislegar eignir		48.852	48.590
Afleiðusamningar	8	19.227	14.931
Eignarhlutir í hlutdeildarfélagum		2.121	1.901
Aðrar langtímaeignir		728	723
Skatteign		28	4
Fastafjármunir samtals		<u>4.167.265</u>	<u>4.179.579</u>
Veltufjármunir			
Birgðir		5.863	5.553
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur		75.571	69.344
Afleiðusamningar	8	9.054	1.905
Handbært fé		151.801	91.963
Veltufjármunir samtals		<u>242.289</u>	<u>168.765</u>
Eignir samtals		<u>4.409.554</u>	<u>4.348.344</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé			
Eigendaframlög		586.512	586.512
Endurmatsreikningur		145.487	147.161
Bundin hlutdeild		56.245	59.178
Þýðingarmunur		(42.377)	(42.232)
Annað eigið fé		1.373.165	1.341.726
Eigið fé eigenda móðurfélagsins		<u>2.119.032</u>	<u>2.092.345</u>
Hlutdeild minnihluta		141.195	142.790
Eigið fé samtals		<u>2.260.227</u>	<u>2.235.135</u>
Langtímaskuldir			
Vaxtaberandi skuldir	9	1.534.224	1.531.715
Lífeyrisskuldbindingar		37.394	36.597
Tekjuskattsskuldbinding		178.662	173.513
Leiguskuldbinding		6.125	6.091
Skuldbindingar vegna niðurrifs		18.314	17.727
Fyrirfram innheimtar tekjur		2.519	2.555
Afleiðusamningar	8	17.941	5.408
		<u>1.795.179</u>	<u>1.773.606</u>
Skammtímaskuldir			
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir		95.785	71.072
Vaxtaberandi skuldir	9	225.641	236.052
Tekjuskattur til greiðslu		9.902	24.618
Afleiðusamningar	8	22.820	7.861
		<u>354.148</u>	<u>339.603</u>
Skuldir samtals		<u>2.149.327</u>	<u>2.113.209</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>4.409.554</u>	<u>4.348.344</u>

Skýringar nr. 1 til 12 eru óaðskiljanlegur hluti þessa árshlutareiknings.

Eiginfjárfirlit

	Eigenda- framlög	Endurmats- reikningur	Bundin hlutdeild	Þýðingar- munur	Annað eigið fé	Eigið fé eigenda móðurfélags	Hlutdeild minnihluta	Eigið fé samtals
1. janúar til 31. mars 2020								
Eigið fé 1. janúar 2020.....	586.512	155.668	47.191	(41.570)	1.349.582	2.097.383	138.016	2.235.399
Þýðingarmunur				(2.082)		(2.082)	(324)	(2.406)
Niðurrifsskuldbinding, breyting.....		(1.007)				(1.007)	(548)	(1.555)
Lífeyrisskuldbinding, br.					(326)	(326)	0	(326)
Hagnaður tímabilsins.....					29.315	29.315	3.753	33.068
Heildarhagnaður.....		(1.007)		(2.082)	28.989	25.900	2.881	28.781
Arður.....							(3.343)	(3.343)
Hlutdeild í afkomu dóttur- og hlutd.félaga millif.....			10		(10)			0
Upplausn afskrifta af endurmati.....		(1.452)			1.452			0
Eigið fé 31. mars 2020.....	586.512	153.209	47.201	(43.652)	1.380.013	2.123.283	137.553	2.260.836
1. janúar til 31. mars 2021								
Eigið fé 1. janúar 2021	586.512	147.161	59.178	(42.232)	1.341.726	2.092.345	142.790	2.235.135
Þýðingarmunur				(145)		(145)	164	19
Niðurrifsskuldbinding, breyting.....		(237)				(237)	(129)	(366)
Lífeyrisskuldbinding, br.					(652)	(652)	0	(652)
Hagnaður tímabilsins					27.720	27.720	3.233	30.953
Heildarhagnaður		(237)		(145)	27.068	26.686	3.268	29.954
Arður							(4.863)	(4.863)
Hlutdeild í afkomu dóttur- og hlutd.félaga millif.....			(2.933)		2.933			0
Upplausn afskrifta af endurmati.....		(1.437)			1.437			0
Eigið fé 31. mars 2021	586.512	145.487	56.245	(42.377)	1.373.165	2.119.032	141.195	2.260.227

Skýringar nr. 1 til 12 eru óaðskiljanlegur hluti þessa árshlutareiknings.

Sjóðstreymisyfirlit

	2021	2020
	1.1.-31.3.	1.1.-31.3.
Rekstrarhreyfingar		
Rekstrarhagnaður	63.698	62.096
Afskriftir og virðisrýrnun	34.128	31.955
Lífeyrisskuldbinding, breyting	(511)	(443)
Aðrar breytingar	(6)	0
Veltufé frá rekstri án fjármagnsliða	97.309	93.608
Rekstrartengdar eignir, breyting	(6.517)	3.980
Rekstrartengdar skuldir, breyting	16.531	3.644
Handbært fé frá rekstri án fjármagnsliða	107.323	101.232
Innborgaðar vaxtatekjur	131	488
Greidd vaxtagjöld og gjaldeyrismunur	(17.072)	(22.623)
Greiddir skattar	(4.939)	(3.685)
Handbært fé frá rekstri	85.443	75.412
Fjárfestingarhreyfingar		
Aflstöðvar í rekstri	(5.743)	(4.575)
Fjárfesting í flutningsvirkjum	(16.808)	(12.791)
Virkjunarundirbúningur	(590)	(625)
Keypt hlutabréf	(290)	0
Aðrar fjárfestingar	(1.969)	(1.292)
Seldar eignir	15	11
Fjárfestingarhreyfingar	(25.385)	(19.272)
Fjármögnunarhreyfingar		
Greiddur arður til eigenda	(4.862)	(3.343)
Lántökur	120.000	179.524
Gjaldmiðlaskiptasamningar	0	(41.175)
Afborganir lána til langs tíma	(115.690)	(201.477)
Fjármögnunarhreyfingar	(552)	(66.471)
Breyting á handbæru fé	59.506	(10.331)
Áhrif gengisbreytinga á handbært fé	332	(3.364)
Handbært fé í ársbyrjun	91.963	110.487
Handbært fé í lok tímabilsins	151.801	96.792

Skýringar nr. 1 til 12 eru óaðskiljanlegur hluti þessa árshlutareiknings.

Skýringar

Almennar upplýsingar

1. Landsvirkjun

Landsvirkjun er sameignarfyrtæki sem er með starfsstöðvar sínar á Íslandi og eru höfuðstöðvar þess að Háaleitisbraut 68, Reykjavík. Landsvirkjun starfar á grundvelli laga nr. 42/1983 um fyrirtækið. Megintilgangur fyrirtækisins er að stunda starfsemi á orkusviði. Árshlutareikningurinn hefur að geyma samstæðuárshlutareikning fyrirtækisins og dótturfélaga þess.

2. Yfirlýsing um að alþjóðlegum reikningsskilastöðlum sé fylgt

Árshlutareikningur samstæðunnar er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34 eins og hann hefur verið staðfestur af Evrópusambandinu og viðbótarkröfur í lögum um ársreikninga. Samandreginn árshlutareikningur Landsvirkjunar inniheldur ekki allar þær upplýsingar sem krafist er í fullbúnum ársreikningi og ætti að lesa í samhengi við ársreikning samstæðunnar fyrir árið 2020.

3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

Við gerð árshlutareikningsins er beitt sömu reikningsskilaaðferðum og beitt var við gerð ársreiknings samstæðunnar fyrir árið 2020 fyrir utan það að samstæðan hefur innleitt nýja alþjóðlega reikningsskilastaðla, eins og þeir eru samþykktir af Evrópusambandinu í upphafi tímabils 1. janúar 2021, breytingar á þeim og nýjar túlkanir. Samstæðan hefur ekki innleitt nýja eða endurbætta staðla sem hafa verið gefnir út en ekki tekið gildi. Það er mat stjórnenda að innleiðing nýrra og endurbættra staðla og túlkana sem ekki hafa tekið gildi muni ekki hafa veruleg áhrif á samstæðuárshlutareikninginn. Hægt er að nálgast ársreikninginn fyrir árið 2020 á vef Landsvirkjunar www.landsvirkjun.is og á vef NASDAQ OMX Iceland; www.nasdaqomxnordic.com.

Árshlutareikningurinn er gerður í Bandaríkjadöllum, sem er starfrækslumynt móðurfélagsins. Fjárhæðir eru birtar í þúsundum Bandaríkjadala nema annað sé tekið fram.

4. Mat og ákvarðanir

Gerð árshlutareiknings í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna og skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að verða frábrugðnar þessu mati.

5. Starfspáttayfirlit

Rekstrarstarfspáttir 1.1.-31.3.2021	Orkuvinnsla	Orku- flutningur	Aðrir starfspáttir	Jöfnunar- færslur	Samtals
Tekjur frá þriðja aðila	108.892	21.502	314		130.708
Tekjur innan samstæðu	4.054	15.303	908	(20.265)	0
Tekjur starfspátta	112.946	36.805	1.222	(20.265)	130.708
Rekstrargjöld starfspátta	(37.436)	(14.786)	(925)	20.265	(32.882)
EBITDA	75.510	22.019	297		97.826
Afskriftir og virðisrýrnun	(26.559)	(7.444)	(229)	104	(34.128)
Afkoma starfspátta, EBIT	48.951	14.575	68	104	63.698

Skýringar, frh.:

5. Starfspáttayfirlit, frh.:	Orkuvinnsla	Orku- flutningur	Aðrir starfspættir	Jöfnunar- færslur	Samtals
Eignir starfspátta 31.3.2021	3.759.881	919.878	20.613	(292.939)	4.407.433
Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum	334	5.463	1.787	(5.463)	2.121
Eignir samtals 31.3.2021	3.760.215	925.341	22.400	(298.402)	4.409.554
Starfspáttaskuldir 31.3.2021	1.625.410	525.443	7.859	(9.384)	2.149.327
Skuldir samtals 31.3.2021	1.625.410	525.443	7.859	(9.384)	2.149.327

Rekstrarstarfspættir 1.1.-31.3.2020

Tekjur frá þriðja aðila	105.830	20.148	184		126.162
Tekjur innan samstæðu	3.551	13.090	1.030	(17.671)	0
Tekjur starfspátta	109.381	33.238	1.214	(17.671)	126.162
Rekstrargjöld starfspátta	(33.753)	(15.069)	(960)	17.671	(32.111)
EBITDA	75.628	18.169	254		94.051
Afskriftir og virðisrýrnun	(24.480)	(7.357)	(213)	95	(31.955)
Afkoma starfspátta, EBIT	51.148	10.812	41	95	62.096
Eignir starfspátta 31.12.2020	3.716.194	906.025	20.392	(296.168)	4.346.443
Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum	249	5.413	1.652	(5.413)	1.901
Eignir samtals 31.12.2020	3.716.443	911.438	22.044	(301.581)	4.348.344
Starfspáttaskuldir 31.12.2020	1.608.488	506.589	7.489	(9.357)	2.113.209
Skuldir samtals 31.12.2020	1.608.488	506.589	7.489	(9.357)	2.113.209

6. Rekstrartekjur

	2021	2020
Raforkusala greinist þannig:	1.1.-31.3.	1.1.-31.3.
Heildsala	17.901	21.305
Iðnaður	92.477	80.735
Raforkusala samtals	110.378	102.040
Flutningstekjur greinast þannig:		
Orkuflutningur	18.910	17.012
Flutningstap, kerfisþjónusta og aðrar flutningstekjur	2.391	2.939
Flutningstekjur samtals	21.301	19.951

7. Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)

Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) greinast þannig:		
Vaxtatekjur	150	763
Vaxtagjöld	(14.292)	(16.145)
Ábyrgðargjald	(449)	(600)
Verðbætur	(323)	(69)
Áhrif núvirðingar niðurrifsskuldbindingar	(130)	(122)
Eignfært á nýbyggingar	1.546	645
Vaxtagjöld samtals	(13.648)	(16.291)
Innleystur gjaldeyrismunur	(60)	(589)
Óinnleystur gjaldeyrismunur	5.224	19.916
Gjaldeyrismunur samtals	5.164	19.327
Gangvirðisbreytingar innbyggðra afleiða	3.124	(23.792)
Gangvirðisbreyting annarra afleiðusamninga	(12.087)	5.902
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	(17.297)	(14.091)

Skýringar, frh.:

8. Afleiðusamningar í efnahagsreikningi

Afleiðusamningar í efnahagsreikningi sundurliðast þannig:

	31.3.2021	31.12.2020
Eignir:		
Innbyggðir afleiðusamningar í raforkusamningum	6.807	4.571
Hrávöruvarnir	15.919	4.139
Gjaldmiðlasamningar	5.555	8.126
	<u>28.281</u>	<u>16.836</u>
 Skipting afleiðusamninga er eftirfarandi:		
Langtímahluti afleiðusamninga	19.227	14.931
Skammtímahluti afleiðusamninga	9.054	1.905
	<u>28.281</u>	<u>16.836</u>
 Skuldir:		
Innbyggðir afleiðusamningar í raforkusamningum	1	890
Hrávöruvarnir	39.106	12.379
Gjaldmiðlasamningar	1.654	0
	<u>40.761</u>	<u>13.269</u>
 Skipting afleiðusamninga er eftirfarandi:		
Langtímahluti afleiðusamninga	17.941	5.408
Skammtímahluti afleiðusamninga	22.820	7.861
	<u>40.761</u>	<u>13.269</u>

9. Skuldir

Vaxtaberandi langtímaskuldir greinast þannig eftir gjaldmiðlum:

		31.3.2021		31.12.2020	
	Loka- gjaldldagi	Meðal- vextir	Eftir- stöðvar	Meðal- vextir	Eftir- stöðvar
Skuldir í ISK	2021-2034	5,0%	38.459	5,0%	37.853
Skuldir í CHF	2021-2022	0,0%	6.208	0,0%	9.978
Skuldir í EUR	2024-2026	0,0%	269.594	0,0%	282.143
Skuldir í USD	2021-2035	3,6%	1.445.604	3,4%	1.437.793
			<u>1.759.865</u>		<u>1.767.767</u>
Afborganir næsta árs			(225.641)		(236.052)
Skuldir til langs tíma samtals			<u>1.534.224</u>		<u>1.531.715</u>

Vaxtakjör af lánnum voru á bilinu 0,0-5,0%. Að jafnaði voru nafnvextir á tímabilinu um 3,4%, að teknu tilliti til ríkisábyrgðargjalds (2020: 3,2%).

Skýringar, frh.:

9. Skuldir, frh.:

Samkvæmt lánasamningum eru afborganir langtímaskulda eftirfarandi:

31.3.2021

1.4.2021-31.3.2022	225.641
1.4.2022-31.12.2022	28.349
2023	245.666
2024	147.617
2025	189.957
2026	311.954
Síðar	610.681
	<u>1.759.865</u>

10. Samanburður á gangvirði og bókfærðu verði langtímaskulda

	31.3.2021		31.12.2020	
	Bókfært verð	Gangvirði	Bókfært verð	Gangvirði
Vaxtaberandi langtímaskuldir	1.759.865	1.951.724	1.767.767	2.005.966

Gangvirði annarra fjáreigna og fjárskulda er metið jafnt bókfærðu verði þeirra.

Við útreikning á gangvirði vaxtaberandi langtímaskulda er notað vaxtaróf undirliggjandi mynta við núvirðingu á væntu sjóðstreymi.

Vextir greinast þannig:

31.3.2021 31.12.2020

Vaxtaberandi skuldir USD	0,1 til 2,1%	0,1 til 1,2%
Vaxtaberandi skuldir aðrar en USD	-1,3 til 1,9%	-0,8 til 0,9%

11. Flokkun gangvirðis

Taflan sýnir stigskiptingu þeirra liða árshlutareiknings sem færðir eru á gangvirði.

	Stig 2	Stig 3	Samtals
31.3.2021			
Innbyggðar afleiður		6.806	6.806
Aðrar afleiður	(19.286)		(19.286)
Endurmat rekstrarfjármuna		215.842	215.842
Eignarhlutir í öðrum félögum		583	583
	<u>(19.286)</u>	<u>223.231</u>	<u>203.945</u>

Skýringar, frh.:

11. Flokkun gangvirðis, frh.:

31.12.2020

	Stig 2	Stig 3	Samtals
Innbyggðar afleiður		3.681	3.681
Aðrar afleiður	(113)	(113)	(113)
Endurmat rekstrarfjármuna		218.605	218.605
Eignarhlutar í öðrum félögum		579	579
	<u>(113)</u>	<u>222.865</u>	<u>222.752</u>

12. Önnur mál

Á aðalfundi hinn 15. apríl sl. var samþykkt að eigendum fyrirtækisins yrði greiddur arður að fjárhæð 50,0 milljónir USD.

Fjármála- og efnahagsráðherra ásamt ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra hafa fyrir hönd ríkissjóðs undirritað viljayfirlýsingu við eigendur Landsnets um að ganga til viðræðna um kaup ríkisins á hlutum í Landsneti hf. Landsvirkjun á 64,7% hlutfjár í Landsneti.